



Samþykkt þann
11 APR. 2007
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Þórarinnsson



Afstöðumynd 1:500



Skurður A-A 1:100

**Byggingarlýsing fyrir einbýlishús að Hlíðarási 35, Hafnarfirði.
Staðgreinir : 38500350**

Sótt er um að breyta áður samþykktu timburhúsi í steypthús. Húsið er einbýlishús úr forsteyptum einingum á tveimur hæðum. Á neðri hæð eru 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, sjónvarpsrými og bílgæymsla. Á efri hæð eru eldhús, borðstofa, stofa og herbergi. Á lóð er gert ráð fyrir 3 bílastæðum og skýli fyrir sorpilát.

Sökkjar og botnplata eru staðsteypt með járnbentri steinsteypu og einangrað með 75 mm plasteinangrun.

Útveggir eru úr forsteyptum samlokueiningum. Forsteyptar samlokueiningar eru þannig gerðar að innst er 13 cm þykkur burðarveggur úr steinsteypu, síðan 10 cm þykk einangrun og yst er 7 cm þykk veðurkappa úr steinsteypu. Burðarveggur og veðurkappa eru járnbent. Rafmagnsrör og dósir eru innsteyptar í einingarnar.

Að innan eru einingarnar sandspartlaðar þegar þær hafa verið steypar saman og samsteypur þússaðar. Útveggirnir eru síðan klæddir til skiptis með dökkri viðarklæðningu og ljósri marmarasteiningu.

Innveggir eru úr forsteyptum einingum. Burðarveggir verða 15 sm þykkir og léttari veggir 12 sm. Samsetningar eru með sama hætti og í útveggjum.

Þaksperrur eru úr 50 x 225 mm timbri. Ofan á þaksperrur er fest 12mm krossviðsklæðning sem er vatnsvarin með viðurkenndum þakdúk sem er heilbræddur á krossviðinn. Þakpappinn er með T vörn. Þakið er einangrað með 200mm þakull. Undir þakullinni er 02.mm þolplast sem rakavarnarlag, lagnagrind og 13mm gífsklæðning.

Milligólf eru úr filigran loftaplötum eða sambærilegu. Plöturnar eru 6 sm að þykkt þar sem þær spanna minna en 6 m og þykkari ef þörf er á. Ofan á er síðan sett ásteypa eftir að einingunum hefur verið komið fyrir í húsinu. Að neðan er 50x50 mm lagnagrind og klædd með 2x13 mm gífsklæðningu.

Gluggar og svalahurðir eru úr áli og timbri og glerjaðir með tvöföldu K gleri. Hita- og hljóðeinangrandi Argon gas á milli glerja.

Svalir hvíla á þaki hluta 1. hæðar og þar ofan á er þakdúkur með vatnshalla og ofan á honum er tréfallur.

Björgunarop eru úr svefnherbergjum. Allar klæðningar eru úr flokki 1. Samfara eðlilegu viðhaldi og breytingum á húsinu skal uppfæra brunakröfur samkvæmt byggingarreglugerð og þessum teikningum. Í húsinu verða samtengdir reykskynjarar.

Stærðartölur húss:

	m ²	m ³
Stærð	244,0	703,2
Stærð lóðar	681	
Nýtingarhlutfall	0,35	

Kólnunartölur:

Hámarksgildi	W/m ² C
Útveggir	0,32
Þak	0,19
Meðaltal glugga og glers	1,90
Vegið meðaltal útveggja	0,80

Hlíðarás 35, Hafnarfirði A2 blað 1 af 5

Einbýlishús
Aðalteikningar
Afstöðumynd, skurður og byggingarlýsing

Breytt Dags Lýsing

Hannað ÖP Teiknað ÖP Dagsett: 27.03.2007 MKV: 1:100 / 1:500

Páll V. Bjarnason 060348-2249
Ólaf Pálsdóttir 160174-3589



PÁLL V. BJARNASON ARKITEKT FAÍ
ÓLÖF PÁLSDÓTTIR ARKITEKT
HÖNNUN · RÁÐGGJÖF · ENDURBYGGINGAR

HAFNARSTRÆTI 19 KT. 431005-0690
101 REYKJAVÍK Sími: 5789280, 8219280
www.p-ark.is p-ark@p-ark.is